



FRV  
Félag  
ráðgjafar-  
verkfræðinga

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2006

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 66. mál.

Með bréfi dags. 31. janúar sl. var Félagi ráðgjafarverkfræðinga (FRV) sent til um-sagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Hér að neðan eru athugasemdir félagsins við tillöguna.

FRV fagnar umræddri tillögu til þingsályktunar. Að mati félagsins er mikilvægt að gerð sé úttekt á því hvort og hvar opinberir aðilar eru í samkeppni við fyrirtæki á einka-markaði. Einnig, eins og tillagan gerir ráð fyrir, er þarft að leggja mat á hver þróunin sé í þessu samhengi.

Aðildarfyrirtæki FRV, Íslenskar verkfræðistofur, eru á mörgum sviðum í beinni sam-keppni við opinbera aðila. Einnig liggur fyrir að ýmiskonar verkefni á sviði mannvirkja-gerðar sem sinnt er af opinberum aðilum í dag gætu verið á hendi einkaaðila, verk-fræðistofa sem og annarra.

Hér að neðan eru nefndar til nokkrar opinberar stofnanir og fyrirtæki sem telja verður í samkeppni við einkareknar verkfræðistofur eða hafa á hendi verkefni sem verk-fræðistofur gætu sinnt. Eðlilega er ekki um tæmandi talningu að ræða, aðeins dæmi;

<i>Vegagerð ríkisins</i>	<i>Hefur mannmarga hönnunardeild er sinnir hliðstæðum verk-efnum og boðin eru út til einkafyrirtækja af hálfu stofnunar-innar.</i>
<i>Framkvæmdasýsla ríkisins</i>	<i>Sinnir eftirliti með opinberum framkvæmdum, hliðstæð ver-efni og boðin eru út til einkafyrirtækja.</i>
<i>Orkuveita Reykjavíkur</i>	<i>Rekur hönnunardeild.</i>
<i>Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins</i>	<i>Stundar þjónusturannsóknir og CE merkingar.</i>
<i>Landsvirkjun</i>	<i>Sinnir t.a.m. vatnamælingum.</i>
<i>Háskóli Íslands</i>	<i>Verkfræðistofnun selur þjónustu sína á almennum markaði.</i>

Það er von félagsins að þingsályktunartillagan fái brautargengi á Alþingi og samþykki hennar leiði til faglegrar úttektar á stöðu mála, sem gæti síðan verið grundvöllur upp-lýstrar umræðu um snertifleti hins opinbera við einkageirann.

Virðingarfyllst,  
fh. stjórnar FRV

Magnús Baldursson frkvstj.